

Ársskýrsla Skógræktarfélags Akraness 2019

Lögð fram 26. maí 2020

Aðalfundur Skógræktarfélags Akraness var mánudaginn 8. apríl 2019 kl. 20 í Grundaskóla. Stjórn félagsins var endurkjörin nema hvað Jóhannes Simonsen kom inn sem varamaður. Stjórnina skipuðu: Jens Benedikt Baldursson formaður, Bjarni Þóroddson varaformaður, Katrín Leifsdóttir ritari, Eiríkur Karlsson gjaldkeri. Meðstjórnendur: Einar Guðleifsson, Philippe Ricart, Reynir Eyvindsson. Varamenn: Helena Valtýsdóttir, Hjördís Hjartardóttir, Jóhannes Simonsen, Margrét Þorvaldsdóttir, Leó Jóhannesson, Stefán Teitsson, Þóra Björk Kristinsdóttir. Skoðunarmaður ársreikninga: Lárus Ársælsson og Stefán Teitsson til vara.

2019 var nokkuð gott vaxtarár. Árið var fremur hlýtt, tíð hagstæð og tiltölulega þurrt og sérlega sólríkt. Vindur var í meðallagi á árinu. Veturinn 2018 til 2019 var fremur mildur og lítið um illviðri. Vorið var óvenju hlýtt og gróður fór snemma af stað. Sumarið var hlýtt og sólríkt. Óvenjuleg hlýindi voru yfir landinu í lok september og veður með besta móti. Tíð var óhagstæð í lok árs og raunar sérlega óhagstæð fyrstu mánuði ársins 2020 eins og sjá má á gróðri hjá okkur vorið 2020 en mörg tré líta illa út.

Gróðursett voru 18.021 tré í 51 gróðursetningarferð þar sem meðalfjöldi mættra var 1,6. Fjöldi dagsverka í gróðursetningu var 37. Langmest var gróðursett af litlum bakkaplöntum

Sundurliðun bakkaplantna eftir tegundum og svæðum má sjá í eftirfarandi töflu:

Birki	Reynitré	Greni	Ösp	Fura	Lerki	Annað	Staður	Samtals
670	0	1.120	1.085	320	0	0	Garðafloi	3.195
4.958	3	3.120	1.475	4.117	0	0	Slaga	13.673
5.628	3	4.240	2.560	4.437	0	0		16.868

Önnur gróðursett tré voru 1.153. Þar af voru asparstiklingar af ýmsum stærðum (m.a. stærri drjolar og drumbar) 642, stór birkitré sem við fengum gefins 261, pottatré 241 og 8 stk. af ryðöl keypt í Þöll. Fyrstu trén frá Landgræðslusjóði komu 28. maí. Gróðursetningu bakkaplantna lauk 17. ágúst. Eins og undanfarin ár voru plönturnar settar í vökvunarbakka við gáminn í Slögu og við Einbúann áður en þær voru settar niður. Langmest af bakkaplöntunum var sett niður í Slögu. Töluvert var klippt af asparstiklingum í apríl og maí. Um haustið voru stiklingar klipptir af öspum sem verið var að fella í görðum. Í nóv. voru keypt pottatré af Jóni Guðmundssyni. Þetta voru "útlitsgölluð" ilmreynitré og sitka- og blágreni og lauk gróðursetningu þeirra í desember.

Auglýstur var **gróðursetningardagur fyrir almenning** 29. ágúst kl. 18. Aðeins mættu 7 stjórnarmenn og makar.

Við fengum gefins töluvert af sjálfsáðum birkiplöntum úr sumarbústað við Hafravatn. **Rótarýfélagar** settu þessi tré niður við Þjóðveginn í maí.

Miðvikudaginn 29. maí mætti **Grétar með landbótahóp** sinn. Þau Grétar, Sveinn og Inga gróðursettu bakkatré neðan Slögu ásamt Bjarna, Jens, Philippe og Þóru Björk. Það er alltaf ánægjulegt að fá þetta góða fólk til að vinna með okkur.

Gróðursett í nýtt land. Eins og á síðasta ári var gróðursett í nýtt land á B-svæðinu fyrir neðan gömlu Slögu, þ.e. svæði sem ekki var tætt í fyrra. Nú var aðeins tætt einu sinni enda svæðið blautt og erfitt að tæta tvisvar. Enn er órannsakað hvort það borgar sig að tæta tvisvar eða þrisvar. Virðist henta misvel eftir staðháttum og tegundum sem gróðursettar eru. Því oftast sem tætt er, þeim mun lengri tíma fá trén án teljandi samkeppni frá grasi. En á móti kemur að minna er um grashnausa sem oft veita skjól fyrir vindi. Sérstaklega virðist greni þurfa skjól fyrstu árin. Þetta þarf þó að rannsaka betur. Til að spara og vegna bleytu voru skildar eftir ótættar rásir ca. 2 metrar á breidd á B-svæðinu.

Þá var land innst í gömlu Slögu lagað og síðan var það tætt og gróðursett í það. Enn eru eftir skikar sem gróðursetja má í.

Nokkrum sinnum var árangurinn af gróðursetningunni 2018 skoðaður. Trén dafna misvel, furan oftast vel, birkið þokkalega en grenið sæmilega. Mest virðist sjá á greninu, e.t.v. þarf það meira skjól en fæst þegar allt gras hefur verið tætt. Þó þarf að fá meiri reynslu af hvað hentar best. Tætt land er a.m.k. miklu skemmtilegra og betra yfirferðar en þúfnakargið sem víða einkennir okkar skógræktarland.

Möl og stígagerð: Í byrjun júní var sett malarlag á stíginn frá girðingu og að B-svæðinu (stígur NS1c). Rúmlega 200 rúmmetrar af grús voru lagðir á rúmlega 200 metra vegalengd. Þetta var dýrasta og mesta framkvæmd félagsins á árinu en eftir þessar framkvæmdir er þessi hluti stígsins orðinn heilsársstígur fyrir gesti og gangandi en breytist ekki í ófært forarsvað í vætutíð eins og áður var. Þá var hinn hluti vegarins lagaður enda lélegur og skemmdist eftir malarflutningana. Sá hluti vegarins er að uppistöðu óþverra "kurl" sem sett var næfurþunnt malarlag yfir fyrir nokkrum árum. Styrkja þarf þann hluta vegarins síðar enda stöðugt að koma upp úr honum naglaspítur og annar óþverri sem skemmir dekk á bílum. Þessi hluti vegarins er frá bílaplaninu og að útskotinu við ávaxtalundinn eða bæjarstjórnarlundinn (stígur NS1a). Notuð var grús en ekki unnin möl. Grúsin er mun ódýrari og hentugri þó það sé meiri vélavinna að leggja efnið svo vel sé.

Útivistarsvæði var gert á miðsvæðinu þar sem klósettið er. Líf í lundi var haldið á því svæði. Þá var möl m.a. sett í stíginn að miðsvæðinu. Möl var sett við Einbúann þar sem gjarnan er ansi blautt. Grafa byggði upp stíga og sett voru niður mörg ræsi á B-svæðinu. Í október var haldið áfram að vinna í þessum stígum en þarna er mjög blautt og það krefst útsjónarsemi að gera stíga sem eiga að haldast þurrir en eru samt ekki mjög áberandi í landslaginu og ekki átti að gera hefðbundna framræsluskurði heldur halda sem mestum raka í landinu. Við fengum styrk frá Umhverfisstofnun umhverfisráðuneytinu í verkefnið Trjárækt og stígar í votlendi árið 2019 (og aftur 2020). Þessi styrkur var nýttur í votlendisstígana. Þá var gerður veglegur stígur á milli gömlu Slögu og B-svæðisins. Þarna er mikill bratti og erfitt um vik að gera góðan stíg.

Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands mættu 10. júní (annan í hvítasunnu) og unnu með okkur í viku, til 14. júní. Þeir komu m.a. með plöntur til okkar frá Kvistum. Þeir löguðu m.a. girðinguna að Akrafjallinu en okkur vantar fólk í girðingarvinnu. Þá var stígur 10 lagaður og nokkur ræsi sett í hann. Loks var gróðursett við þjóðveginn og á B-svæðinu í Slögu. Það munaði sannarlega um þessi spræku ungmenni.

Rótarýfélagar grisjuðu og tóku til 5. júní.

Einar Guðleifsson smíðaði þrífót og eldstæði til að hita ketilkaffi. Keyptur var stór ketill til að laga ketilkaffi í. Einar sá einnig um allar vatnslagnir að klósettinu og að gámnum.

Stikur voru fengnar í Húsasmiðjunni, yddaðar og málaðar í áberandi lit til að nota sem merkistikur. Ingólfur Valdimarsson sá um að **slá stígana** hjá okkur eins og undanfarin ár.

2019 voru unnin 108 dagsverk (1 dagsverk = 8 tímar) á vegum skógræktarfélagsins. Haldnir voru 8 stjórnarfundir, í skúr við Einbúa eða á Dalbraut 21. Meðalfjöldi mættra var 4,5. Við þetta bætast 13 vinnufundir og raunar var þessum fundum oft blandað saman, fundað fyrst og síðan tekið til hendinni. Vinnufundirnir voru á mánudögum kl. 17 - 19. Meðalfjöldi mættra var 4,5

Önnur vinna en gróðursetning fólst í viðhaldi húsakosts og tækja, viðhaldi klósettskúrs í Slögu, asparstiklingar voru klipptir, slegið, vatnslagnir og tengingar, jólatrjáasala, tiltekt, grisjun, stígagerð, aðstaða o.fl. 54 dagsverk alls. Meðalfjöldi mættra var 1,8. Ótalin er öll tölvuvinna og símhringingar, skipulagning og þess háttar sem erfitt er að mæla.

Viðburðir

Líf í lundi var haldið hjá okkur mánudaginn 24. júní kl. 18 - 20 á Miðsvæðinu í Slögu. Hjá öðrum skógræktarfélögum var þessi hátíð á laugardeginum þannig að segja má að það hafi verið tilraun að dreifa hátíðinni á fleiri daga. Miðað við mjög góða mætingu hjá okkur tókst það vel. Búið var að kaupa nokkur borð með bekkjum. Fólk undi sér frábærlega í góðu veðri m.a. við axarkast, tálgun o.fl. Boðið var uppá ketilkaffi, pulsir og steiktir voru lummur o.fl. A.m.k. 58 manns mættu og var fólk afar ánægt í blíðskaparveðri.

Jólatrjáasalan gekk afar vel eins og undanfarin ár. Við höfum núna fremur lítið af grenitrjám í heppilegri jólatrjáastærð og því var ákveðið að auglýsa jólatrjáasöluna lítið. Þrátt fyrir það og fremur leiðinlegt veður þá var mæting fólks góð. Jólatrjáasalan skiptir okkur ekki miklu máli fjárhagslega þessi árin á meðan við fáum góða styrki en hún er afar skemmtileg því fátt er eins ánægjulegt fyrir okkur eins og að sjá börn mæta full af áhuga með foreldrum og öfum og ömmum til að velja sér tré í skóginum.

20. júní fór Jens með **15 FEBAN félagum um Slögu**. Það gekk vel þó farið væri með gamla fólkið fremur erfiða leið frá stíg 10 og upp snarbratta brekku á stíg 2. Til stendur að laga þann stíg og gera tröppur.

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Kópavogi 30. ágúst til 1. sept. Virkir stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Akraness fjölmenntu á aðalfundinn. Þessir fundir eru gagnlegir þar sem við hittum annað skógræktarfolk og sérlega gott er að skoða skógræktarsvæði annarra félaga og fá hugmyndir sem hægt er að nýta á okkar svæðum.

Framkvæmdasamningur við Akranesbæ. 3. júní var skrifað undir samning við Akranesbæ um 3 milljóna árlegan styrk til skógræktarfélagsins árin 2018, 2019 og 2020. Nokkur umræða varð um ákvæði sem bærinn vildi að sett yrði í samninginn um að skógræktarfélagið skyldi aðstoða eða veita Akranesbæ ráðgjöf við öll trjáræktarsvæði bæjarins, m.a. við íþróttasvæði. Okkur leist ekki á það að við sem áhugamannafélag réðum við það og við höfum heldur ekki sérþekkingu í þessum málum. Til þess þyrftum við sérmenntað starfsfólk svipað og gildir um ýmis skógræktarfélög sem gert hafa samninga við sín sveitarfélög um umsjón með tilteknum svæðum í bæjarlöndum þeirra.

Skv. framkvæmdasamningnum skyldi gera **skógræktarskipulag** og var drögum að slíku skipulagi skilað inn 27. júlí eftir að stjórnin hafði rætt það. Skoða þarf það betur og yfirfara.

Umsóknir um stækkun skógræktarsvæðisins í Slögu. Fulltrúar bæjarins funduðu með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar en það sveitarfélag vill að svæði Akranesbæjar í Hvalfjarðarsveit verði skipulagt í heild, skógræktarsvæði, skotæfingasvæði og moldartíppar. Kvartað hefur verið vegna hávaða frá skotæfingasvæðinu. Þá hætti skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar. Allt virðist þetta tefja okkar mál þrátt fyrir að allir lýsi yfir velvilja gagnvart skógræktarfélaginu. Eftir þetta höfum við lagt áherslu á að fá svokallað svæði A enda er það skipulagt sem skógræktarsvæði. Reynt var að þoka málinu með samskiptum við nýjan skipulagsstjóra Hvalfjarðarsveitar og Akranesbæ.

Eldvarnir á skógræktarsvæðunum. 20. júní fór Jens með Þrání slökkviliðsstjóra upp í Slögu. Þá hafði lengi verið mjög þurrt og við höfðum áhyggjur vegna eldhættu þegar Líf í lundi átti að fara fram 24. júní. Niðurstaðan varð sú að gætilega þarf að fara með eld en það ætti að vera í lagi að vera með ketilkaffið þegar Líf í lundi yrði haldið. Helst þarf að passa sinu sem leynist á stöku stað (aðallega þar sem vélar hafa verið að vinna).

Sótt var um styrk til **Votlendissjóðs** til að fylla uppí skurði í Slögu að 60 - 80% hlutum og hækka þannig yfirborðsstöðu vatns og gróðursetja tré á svæðinu. Umsókninni var hafnað m.a. vegna þess að opna þarf svörð til að fylla í skurðina.

Hestamenn sendu okkur beiðni um að leggja reiðstíg í gegnum skógræktarsvæði okkar við þjóðveginn. Við ráðfærðum okkur m.a. við skógræktarfolk á höfuðborgarsvæðinu þar sem töluvert nábýli er við hestamenn. Þar er gjarnan núningur milli hestamannanna og gangandi og hjólandi fólks á göngustígum. Þá gekk illa að fá hestamenn til að færa girðingar sínar í Garðaflóa á síðasta ári. Það varð því niðurstaða stjórnarinnar að hafna þessari málaleitan.

Glíman við sauðkindina. 22. maí sáust nokkrar rollur við Moldartippa þar sem engar rollur eiga að vera. Annars bar ekki mikið á sauðkindinni á og við svæði okkar. Þó komst lambhrútur inn í Slögu og angraði göngufólk þar. Hann náðist út og haft var samband við eigandann, frístundabónda á Akranesi. Á hverju ári þurfum við að **yfirfara girðingar okkar** með ærnum tilkostnaði þannig að sauðkindin er okkur erfið, beint og óbeint.

Það torveldaði ýmis störf að á árinu var ekki alltaf kostur á bíl með dráttarkrók og m.a. var ekkert svæði valtað eins og til stóð. **Mjög nauðsynlegt er að hafa aðgang að jeppa með dráttarkrók** eða dráttarvél eða fjórhjólí við skógræktarstörfin. Þar sem nokkur vegalengd er á milli skógræktarsvæða okkar er líklega heppilegra að hafa aðgang að jeppa.

Lokaorð: Árið var okkur að flestu leyti hagstætt. Við vorum dugleg að gróðursetja og í fleiri störfum en okkur hefur skort vinnukraft til að huga betur að trjánum, reyta frá, bera áburð á, grisja o.fl. sem gera þarf á skógræktarsvæðum. Eins og gildir um flest áhugamannafélög þá skortir nýliðun, sérstaklega ungs vinnufúss fólks. Flest stærri skógræktarfélög eru með starfsfólk og sum þau minni eru með starfsmann í hlutastarfi. Við sendum Skipulags- og umhverfisnefnd bréf fyrir áramót með beiðni um vinnuflokk næsta sumar og að skóg- eða garðyrkjufræðingur verði ráðinn í fullt starf eða hlutastarf til að vinna fyrir bæinn og okkur. Eftir nokkrar samræður við fólk í öðrum skógræktarfélögum þá virðist sú leið að ráðinn sé starfsmaður sem starfi bæði hjá bænum og hjá skógræktarfélögum ekki sérlega heppileg, slíkur starfsmaður er gjarnan kaffærður í alls konar verkefnum hjá bænum en nýtist síður í skógræktinni. Best virðist vera að gera samning við sveitarfélögin um að skógræktarfélögin taki að sér tiltekin svæði og fái greitt fyrir.

Hér má í lokin nefna að upp hefur komið sú hugmynd að hafa einhvers konar samstarf milli skógræktarfélaganna á Vesturlandi. Rétt er að árétta að þetta er afar óformlegt og hefur ekki einu sinni verið rætt við öll félögin. Slíkt samstarf yrði kannski um nýtingu starfsfólks og tækjabúnaðar? Í lokin þakka ég félagsmönnum og ekki síst stjórnarmönnum skógræktarfélagsins fyrir óeigingjarnt framlag á árinu. Fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa stutt okkur beint og óbeint eru færðar þakkir. Við njótum hvarvetna velvildar.

Sú breyting er nú gerð á ársskýrslunni að í viðauka hér á eftir eru myndir og textar frá síðasta starfsári. Einnig myndir með merkingum á svæðum okkar. Þessar myndir eru sumar á heimasíðu okkar eða á Facebook-síðunni en reynslan sýnir að varhugavert er að treysta á að slíkar vefsíður lifi lengi. Þá varð þetta til þess að farið var yfir myndasafnið og myndir valdar. Það er töluverð vinna en nauðsynleg ef vel á að vera.

Jens Benedikt Baldursson formaður

Viðauki 1 með myndum og textum sem margar hafa birst á heimasíðu okkar:

<https://www.skogak.com/> eða á Facebook-síðunni: <https://www.facebook.com/groups/326273417742172/>

Úr skýrslu sem send var umhverfisráðuneytinu vegna styrks sem við fengum til verkefnisins Trjárækt og stígar í votlendi. Við fengum 400 þús. 2019 og aftur 2020:

Markmiðið með verkinu er að gróðursetja tré og gera stíga í svokölluðu B-svæði neðan Slögu svo landið megi nýtast til útivistar. Svæðið er mjög votlent (misjafnlega þó) og markmiðið var að gera stíga án þess að ræsa landið fram. Ódýrast hefði verið að ræsa landið fram með skurðum eins og tíðkast hefur. Stígar voru gerðir nokkurn veginn í kringum svæðið og einnig þvert á það. Miðað var við að stígarnir færu eftir landslaginu (á hæðarhryggjum) þannig að sem minnst jarðrask yrði. Ekki varð þó komist hjá smávegis jarðraski þegar stígarnir voru gerðir og gera þurfti vatnsrásir meðfram nokkrum stígum til að hleypa vatninu að yfirfallsræsum. Kostnaðurinn við stígagerðina felst fyrst og fremst í því að grafa byggði upp stíga með efni á staðnum, setti niður yfirfallsræsi (sem næst yfirborðinu) og gróf rásir meðfram nokkrum stígum til leiða vatnið að ræsum.

Fyrst voru stígarnir lagðir í júní 2019 með því að landið var tætt, bæði fyrir stígana og skógræktarsvæðin, og síðan lagaði grafa stígana og gróf niður nokkur ræsi. Júní 2019 var óvenju þurr og því virtist ekki þurfa miklar lagfæringar til viðbótar.

Í október var nokkur reynsla komin á stígana og fyrst og fremst hvar bleytan var mest og hvar laga þurfti stígana með vatnsrásum og ræsum. Þá var töluverð vinna lögð í lagfæringar.

Myndirnar af svæðinu eru teknar 22. janúar 2020. Sýna svæðið í bleytutíð um hávetur



Hluti af stíg NS 3 sem tengir saman efri og neðri Slögu. Áður en stígurinn var gerður var illfært á milli svæðanna, sérstaklega fyrir eldra fólk eða veikburða. Vegna brattans og staðháttar er gerð kröpp S beygja. Stígurinn kostaði okkur töluvert en er vel þess virði því hann stórbætir aðgengi að svæðinu.



Hluti af stíg NS 4c, blautasta stígnum þar sem mest rask er. Sjá má hvernig stígurinn var byggður upp úr efni neðan við stíginn (vinstra megin). Í okt. reyndist nauðsynlegt að grafa vatnsrásir fyrir ofan stíginn (hægra megin). Þessi stígur er neðst í Slögu. Miklu minna þarf að gera á öðrum stígum, aðeins hleypa vatninu í gegn á nokkrum stöðum. Hvar þarf slíkar aðgerðir kemur best í ljós í bleytutíð á veturna.

"Andapollur" sem myndaðist við stíg NS7. Hin



myndin er tekin niður eftir stíg NS 4a. Þurr og fínn eins og flestir stíganna. Aðeins eftir að valta og

jafna svo hann verði þægilegur fyrir gangandi fólk.



Stiklingar klipptir við Einbúann. Myndin er tekin 15. maí. Grasvöxtur er mikill hjá okkur og því hefur þróunin verið sú að stiklingarnir eru frekar langir. Sverir, stórir "stiklingar" eru kallaðir drjólur og þeir sverustu drumbar.



Ingimar byrjaði að tæta í Slögu 30. apríl með sínum öflugum tætara (3 metra breiður). Þúfur eru afsþyrnu leiðinlegar yfirferðar og auk þess er grasvöxtur mikill í þýfðu landinu. Tætingin gefur trjánum stutt forskot á grasið, kannski 1-2 ár.



Hluti af stjórn félagsins við Einbúann 20. maí. Philippe, Bjarni, Katrín, Einar, Eiríkur, Stefán. Jens tók myndina. Hin myndin sýnir Rótarýfélaga gróðursetja birkitré sem við fengum gefins frá sumarbústaðaeiganda við Hafravatn. - Að neðan eru skemmdir á girðingunni að Akrafjalli. Þar töluvert um grjóthrun sem skemmir girðinguna. Snjóþyngsl eru einnig töluverð.





28. maí. Grafa dreifði úr möl við Einbúann og snyrti svæðið. Takið eftir birkiplöntunum sem voru gróðursettir 15 cm háar fyrir 2 árum. Hafa vaxið mjög vel enda gróðursettir í "beð" og settur áburður á og vökvað fyrsta árið. Eftir það hefur lítið verið hirt um trén en þau hafa samt vaxið ágætlega. Hin myndin sýnir vökvunarbakka við Einbúann 29. maí.



Félagi okkar Grétar, sem býr nú í Reykjavík, mætir gjarnan á vorin með sjálfboðaliða og aðstoðar okkar. Að þessu sinni mættu þau 29. maí og gróðursettu með okkur í Slögu. Eftir gróðursetningu gæddi fólk sér á veitingum við gáminn í Slögu. Frá vinstri: Bjarni, Steinn, Grétar, Ingunn, Þóra Björk og Philippe. Jens tók myndina. Að neðan: 7. og 9. júní. Útbúið samkomusvæði á miðsvæðinu í Slögu. Sáð var í moldina. Líf í lundi var m.a. haldið þar sem mölin er.





5. og 7. júní. Mesta framkvæmdin á árinu var þessi malarstígur fyrir neðan gömlu Slögu. Möl er dýr og auk þess var kostnaðarsamt að flytja mölina innst í Slögu. Þarna er mjög blautt og í bleytu var þarna forað. Nú er kominn heilsársstígur sem tengir gömlu Slögu við þetta svæði. Sjálfboðaliðar Skógræktarfélags Íslands dvöldu á Akranesi 10. - 14. júní. Þeir gerðu við girðinguna að Akrafjalli, unnu við stíg 10 neðan Slögu og gróðursettu.



Gróðursett neðan Slögu ásamt Jóni Ásgeiri. Á hinni myndinni má sjá sjálfboðaliðana Andrea og Claudio frá Ítalíu, Patriciu frá Austurríki, Dario frá Spáni og Söndru frá Póllandi.



Líf í lundi var mánudaginn 24. júní kl. 18 - 20 í blíðskaparveðri í Slögu. Fólkundi sér frábærlega í góðu veðri m.a. við axarkast, tálgun o.fl. Boðið var uppá ketilkaffi, pulsir og steiktur voru lummur o.fl. Eldstæði sem Einar Guðleifsson smíðaði kom sér vel svo og mark fyrir axarkast sem Reynir Eyvindsson útbjó.



27. júní. Búið að hlaða upp stíga í neðri Slögu.



Tætt var í neðri Slögu. Mesta votlendinu var sleppt, þess vegna er tætingin eins og rákir í landinu. Þá var skiki innst í gömlu Slögu tættur og gróðursett í hann, aðallega greni og furu.



2. og 8. júlí. Hér má sjá tré í vökvunarbakka við gám. Takið eftir prikunum sem sett eru undir bakkana svo þeir séu ekki eins djúpt í vatninu. Það gæti skemmt ræturnar. Parna eru fura, ösp, greni og birki. Eiríkur, Þóra og Jens báru viðarvörn á nýju borðin.



Að neðan. Gróðursetning 18. júlí. Búið að raða 11 bökkum í hjólbörurnar enda þurfti að fara töluverðan spotta í torfæru landi. -.



23. júlí. Plöntuhlífar við tré við Einbúann. Gerð var tilraun með þetta en líklega er þetta of dýrt til að vera raunhæft. Auk þess er erfitt að hemja pappírinn í vindi.

29. júlí. Hluti af stjórn Skógræktarfélags Akraness fyrir ofan bæjarstjórnarlundinn eða ávaxtalundinn í Slögu. Frá vinstri: Eiríkur, Stefán, Bjarni, Katrín og Þóra Björk.

Stefán Teitsson fyrir framan tré sem Skógræktarfélag Hafnarfjarðar gaf okkur á sínum tíma. Þau eru orðin há og myndarleg.





6. ágúst. Asparglytta í ösp nálægt Einbúanum. Asparglyttan fer illa með litlar aspir en virðist vera "lofthrædd", alla vega fer hún ekki mikið herra en þetta upp í stærri tré.



16. ágúst. Myndin sýnir rollu við gáminn gæða sér á asparstiklingi sem þar var. Ekkert hefur gengið að gróðursetja birki eða ösp þarna. Jafnan koma örfáar kindur frístundabænda eða bænda og éta trén fyrst af öllu þrátt fyrir að gómsætt gras sé allt í kring.



5. sept. Við keyptum Husqvarna rafhlöðu-sláttuorf og keðjusög. Fyrir áttum við bensíntæki, keðjusög og kjarrsög sem einnig má nota sem sláttuorf. Þau tæki eru býsna öflug en rafhlöðuvélarnar eru miklu þægilegri, léttari og af þeim er engin bensínstybbi.



11. sept. Við keyptum nokkrar plöntur af ryðöl í þöll í Hafnarfirði og gróðursettum hér og þar á okkar svæðum

13. sept. Myndir af nýja stígnum fyrir neðan Slögu sem gerður var um sumarið, í þurrkatíð sem þá var. Þegar fór að rigna kom í ljós að lagfæra þurfti stíginn á nokkrum stöðum.

13. sept. Nýi stígurinn neðan Slögu aðeins farinn að gróa upp. Sáð var í hann.



13. sept. birkitré sem gróðursett var neðan Slögu í júní. Þau voru mörg falleg.



Hellirigning 21. sept. Myndin er af Miðvogslæk þar sem næstum flæddi yfir bakkana. Hvergi flæddi þó yfir ræsi né skemmdust stígar.

4. okt. Hrymur dafnar vel efst í Slögu. Hrymur er "íslenskur" blendingur af rússalerki og evrópulerki.



7. okt. Ösp felld í garði á Akranesi.



9. okt. Stiklingapotarar til að setja niður asparstiklinga.

Myndir teknar 17. okt. til 25. okt. Grafa frá Bjarmari lagaði stígana fyrir neðan Slögu. Í rigningum haustsins kom í ljós að nokkrar vatnsrásir þurfti að dýpka aðeins og bæta þurfti við nokkrum vatnsrörum.





Viðamesta verkið um haustið var nýr stígur á milli gömlu Slögu og nýja svæðisins fyrir neðan. Þarna er mikill bratti og landið blautt og því erfitt viðureignar. Byggður var upp stígur með fremur krappri S beygju. Markmiðið var að sláttuvél kæmist milli svæðanna og einnig vinnubíll með kerru eða valtara.

Annars er þetta fyrst og fremst stígur fyrir gangandi fólk.



28. okt. og 2. nóv. Asparstiklingar klipptir. Stiklingar eru klipptir alltaf þegar hentar eða þegar þarf að fella aspir.



7. nóv. Við fengum reynitré og blágreni og sitkagreni frá Jóni Guðmundssyni. Trén voru öll sett niður fyrir jólin.




Jólatrjáasalan skiptir miklu máli fyrir okkur í Skógræktarfélagi Akraness. Ekki endilega fjárhagslega, heldur líka til að vera í samskiptum við fólk sem kemur til að velja sér jólatré. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá fjölskyldur koma og fara inn í skóginn til að ná í rétta tréð. Börn koma með foreldrum sínum og öfum og ömmum og eru oftast lengi í skóginum og virðast una sér vel. Við í skógræktarfélaginu aðstoðum eftir þörfum og allir fá kaffi, kakó og fleiri veitingar í lokin. Stjórnarmenn mæta vel í jólatrjáasöluna en annirnar eru yfirleitt miklar auk þess sem spjallað er við fólkið. Oftar en ekki gleymist að taka upp myndavélina og smella af. Hér að neðan eru myndir frá jólatrjáasölnunni í ár (15. og 22. des.) og úr Slögu í vetrarbúningi (11. des.)




Viðauki 2. Skógræktarsvæði og merkingar




Gróðursvæði Skógræktarfélags Akraness meðfram þjóðveginum 2018. Græna merkingin sýnir svæðið sem við fengum skv. samningi 4. nóv. 2002. Hestamenn nýttu stærstan hluta þess og girðingar þeirra voru ekki færðar fyrir en sumarið 2018 og þá skv. nýjum skipulagshugmyndum.



Slaga 2013 með svæðamerkingum. Samningur frá 1990. Merkingarnar eru notaðar til að auðkenna hvar gróðursett var.



Neðsti hluti Slögu sem tilheyrir skógræktarsvæðinu skv. samningnum 1990. Girt 2018, hluti landsins var tættur og tré gróðursett. Einnig var gróðursett 2019 og stígar lagðir og ræsi sett niður. Númer stíga byrjar á NS (neðri Slaga). Lengd stíga er einnig á myndinni.



Stígar í Slögu og lengd þeirra í metrum. Stígar í Slögu eru númeraðir en í neðri Slögu byrja öll stíganúmer á NS.

Lengd ógirts svæðis sem þarf að girða
A: $362+103 = 465$ metrar



Svæði neðan Slögu sem Skógræktarfélag Akraness óskar eftir að fá til skógræktar.

B-svæðið tilheyrir skógræktarfélaginu skv. samningi frá 1990 en var fyrst girt 2018.

A-svæðið: Samningur var tilbúinn til undirritunar 2009 en var ekki undirritaður. Annars allt klárt.

Við óskum eftir D og E og Akranesbær hefur lýst yfir velvilja en málið hefur dregist vegna skipulagsmála í Hvalfjarðarsveit og lögfræðipvargs við landeigendur.